

**Sp.**

**525. Fyrirspurn**

[251. mál]

til forsætisráðherra um samningsbundna endurskoðun á hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í framleiðslugjöldum ÍSALs.

Frá Kjartani Jóhannssyni, Matthíasi Á. Mathiesen, Karli Steinari Guðnasyni, Geir Gunnarssyni, Jóhanni Einvarðssyni, Ólafi G. Einarssyni og Salome Þorkelsdóttur.

1. Hvað líður afgreiðslu ríkisstjórnarinnar á ósk Hafnarfjarðarbæjar um endurskoðun á hlutdeild bæjarins í framleiðslugjaldstekjum af ÍSAL, samkvæmt samningsbundinni kröfu bæjaryfirvalda?
2. Hvenær má vænta lagafrumvarps um þetta efni í samræmi við ákvæði samnings milli iðnaðarráðuneytisins og bæjarstjórnar frá því í maímánuði 1976 sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur óskað atbeina forsætisráðherra við?